

Ungir Píratar
22. janúar 2022

Umsögn um Þingskjal 24 — 24. mál.

**Umsögn við frumvarp til laga
um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974
(afglæpavæðing vörslu neysluskammta)**

Ungir Píratar eru eindreigið fylgjandi frumvarpi þessu um afglæpavæðingu neysluskammta ávana- og fíkniefna. Við teljum að með afglæpavæðingu neysluskammta verði stuðlað að því að einstaklingar sem að glíma við fíknivanda fái þá aðstoð við sínum fíknisjúkdóm frekar en refsingu, jaðarsetningu og skömm.

Álíka frumvarp um afglæpavæðing neysluskammta í Portúgal hefur skilað góðum ávinningi sem dæmi. Og þar í landi hefur notkun fíkniefna minnkað.

Mikilvægt er þó að hafa í huga að fræðsla um ávanabindandi efni, fíkniefni, sé mikil og góð á efri stigum grunnskóla og í framhaldsskólum. Samhliða afglæpavæðingu í Portúgal var einnig lögð mikil áhersla á forvarnir og fræðslu um skaðsemi vímuefna. Sérfræðingar þar í landi mæla með reglubundinni fræðslu, síbylju frekar en einstaka fræðslu, þar sem endurtekin fræðsla skilar betri árangri. Að kortleggja áhættuhópa og hverfi þar sem ungir einstaklingar eru líklegri til þess að verða notendur fíkniefna getur líka borgað sig. Þá er hægt að beita úrræðum og auðlindum frekar á þeim svæðum og að þeim hópum sem eru í áhættuhópi. Mikilvægt er að fá sem flestar stofnanir með sér í lið þegar kemur að fræðslu og forvörnum, en gott er þó að taka fram að fræðsla og forvarnir hafa verið ágætær hér á landi, en það er alltaf hægt að bæta í.

Einstaklingar sem leita í fíkniefni, neyta þeirra og hafa í vörslu hjá sér neysluskammta nota oft þessi efni til þess að deyfa sig andlega og vegna annars vanda sem þau fá ekki aðstoð við, oft jafnvel sökum jaðarsetningu og fordóma vegna vímuefnanotkunar þeirra. Vandamál sem sálfræðingar geta hjálpað með. Þess vegna er mikilvægt að horfa á stóru myndina þegar skoða á hvaða vandamál ákveðið frumvarp á að laga.

Mikilvægt er að hafa gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu og þá sérstaklega geðheilbrigðisþjónustu, því fíknisjúkdómar eru geðheilbrigðismál og mjög margir þeirra sem glíma við fíkn glíma við annan fjölbættan geðheilbrigðis- og félagslegan vanda. Því teljum við að samhliða því að þetta frumvarp verði að lögum að Sjúkratryggingar Íslands full fjármagni

sálfræðipjónustu í samræmi við lög nr. 93/2020 - sem 54 þingmenn kusu með og enginn á móti - og að skaðaminnkunarúrræði líkt og Frú Ragnheiður komist á föst fjárlög.

Í grunnin snýst þetta frumvarp um að auka lífsgæði og öryggi borgaranna í landinu. Það hefur það að markmiði, eins og flest frumvörp og lög í þessu landi ættu að hafa, að stuðla að velsæld og auknum lífsgæðum okkar sem búum hér. Hins vegar sker það sig úr vegna þess að það snýr að því að gera það fyrir hóp sem oft er litið framhjá og er óséður í samfélaginu okkar.

Fyrir hönd stjórnar Ungra Pírata

Stefán Atli Rúnarsson, stjórnarmeðlimur